finnsson, Magnús Pálsson og fleiri. Átti Dieter Roth sinn þátt í velgengni þeirra?

„Það má ekki vanmeta kraft þeirra, frumkvæði og áræði en kunningsskapur þeirra við Dieter hefur án efa haft sín áhrif. Það er útbreidd mýta að Dieter hafi komið íslenskum listamönnum í sambönd við umheiminn en það er mikil einföldun."

Reykjavík var hrúga

– Ingólfur hefur sett fram þá kenningu að dvölin á Íslandi hafi hugsanlega breytt Dieter Roth sem listamanni og gert verk hans óreiðukenndari og hrárri en áður báru þau keim af agaðri geómetríu og fíngerðri teikningu.

„Ég hef séð hann lýsa í viðtölum því samfélagi sem mætti honum á Íslandi sjötta áratugarins. Það var skömmtun og Reykjavík var hrúga af hálfbyggðum húsum við götur sem voru ómalbikaðar með drullupollum. Þetta var frumstætt samfélag í augum manns sem ólst upp í menningarsamfélagi Evrópu. Hann fór því að nota óhefðbundnari efni og hrárri og list hans varð kaótísk. En ég held að listsköpun sé alltaf víxlverkun ólíkra þátta og erfitt að benda á eitthvað eitt."

– Svo förum við að tala um hvað dragi listamenn til Íslands og Ingólfur segir að kyrrðin og einfaldleikinn og hið sérstæða frumstæða landslag hafi átt sinn þátt í því. Ingólfur segir að margir listamenn sem hingað koma sækist ekki endilega eftir kynnum við Íslendinga í fyrstu heldur komi það síðar. Fámennið á sinn þátt í töfrunum og auðn og eyðileiki orkar sterkt á fólk sem er alið upp og vant við þétta manngerða byggð þar sem hvergi sér í hreina náttúru.

Veðrið og þess síbreytileiki, sem ærir óstöðuga Íslendinga, finnst mörgum útlendingum heillandi.

„Roni Horn hefur t.d. lagt áherslu á að Ísland sé sérstakur staður en forðast það þjóðernislega og nær þannig almennri skírskotun. Richard Long hefur áhuga á bersvæði í náttúrunni en ekki Íslandi sérstaklega. Svo er stutt frá Bretlandi hingað.

Þannig er það ekki endilega íslensk náttúra eins og við skilgreinum hana sem dregur listamenn hingað heldur nota þeir Ísland sem vinnustofu og eru að leita að landi sem uppfyllir ákveðin skilyrði."

Ísland í heiminum

– Getur Ísland gert tilkall til þess að eiga sess í alþjóðlegri listasögu gegnum starf alþjóðlegra listamanna á Íslandi?

„Í mörgum uppsláttarbókum er Barnabók sem Dieter Roth gerði á Íslandi og var prentuð hér talin vera eitt hið fyrsta í heiminum af svokölluðum bókverkum sem nútímalistamenn hafa gert þar sem form bókarinnar og eiginleikar er aðalatriði verksins en ekki það sem stendur í bókinni."

– En skyldu alþjóðlegir listamenn sem hér vinna hafa haft áhrif á íslenska listamenn?

„Kynni þeirra hafa haft áhrif en þau sjást kannski ekki greinilega í verkum íslenskra listamanna. Áhrif frá öðru fólki eru margræð en ég tel að ég sjái stundum greinileg áhrif, án þess að ég vilji nefna dæmi.

Ég held að sýn erlendra listamanna á Ísland hafi breytt sýn íslenskra listamanna á eigið land. Ég efast ekki um heilindi Roni Horn þegar hún er að nota Ísland og spegla sig í landinu en mér finnst ég sjá íslenskt landslag í Bondmyndum, bílaauglýsingum, poppmyndböndum og sem bakgrunn í verkum fjölmargra listamanna. Ég verð tortrygginn þegar ég sé þetta því klisjukennd ofnotkun leiðir til útþynningar – að síendurtekin klisjukennd sjónarhorn fari að stjórna upplifun fólks."

Hver er Íslendingur?


– Svo förum við aftur að tala um þjóðerni og myndlist og Ingólfur segir að sum verk Dieter Roths séu ótvírætt nokkuð íslensk þar sem þau séu unnin á Íslandi og fjalli um íslenskan veruleika. Hann áréttar þá skoðun sína, sem fram kemur í sýningarskrá, að þjóðerni listamannsins skipti ekki öllu máli.

„Erró er ágætt dæmi. Hann er ótvírætt Íslendingur en hefur allan sinn aldur starfað í Frakklandi og myndmál hans er alþjóðlegt og ekkert íslenskt. Það mætti nefna Ólaf Elíasson, sem er fæddur á Íslandi en uppalinn og menntaður í Þýskalandi og Danmörku en er stöðugt að vinna með Ísland og þennan uppruna sinn. Roni Horn er ekki Íslendingur en Ísland er mjög áberandi í verkum hennar.

Málið er ekki einfalt.

Þannig eigum við þátt í listasögu heimsins í gegnum verk listamanna sem hér vinna og þá eru þeir hluti af íslenskri listasögu og Ísland þá hluti af alþjóðlegri listasögu. Þjóðerni listamannanna skiptir ekki máli og það er líka erfitt að segja að verk þeirra séu íslensk eða alþjóðleg. Við höfum ekki lengur neinn einkarétt á því að fjalla um íslenska náttúru og margir erlendir listamenn virðast sýna henni meiri virðingu en við gerum."

polli@dv.is



ORÐIN Í LANDINU: Þetta verk eftir Douwe Jan Bakker fjallar um orð í íslenskri tungu yfir landslag og náttúrufar. Það heitir Þrívíddarorðasafn í íslensku landslagi og er í eigu Nýlistasafnsins.


Vikuferð í sólina á lægra verði en stutt helgarferð í stórborg

SúperHopp í sólina - síðustu sætin!

Portúgal

Í Portúgal bjóðum við góða gistingu í hjarta Albufeira, þar sem verslanir, veitinga- og skemmtistaðir eru í göngufæri. Fararstjórnin okkar er rómuð og Algarve skartar sínu fegursta á þessum árstíma.

15. og 22. sept. - 1 vika
39.900kr.
á mann m.v. 2 saman í íbúð.
Innifalið: Flug, gisting, ferðir til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn, ein skoðunarferð og flugvallaskattar. Barnaafsláttur ekki veittur af þessu verði.

Salou

Salou skartar fallegum ströndum, fjölbreyttri aðstöðu og veðurfar er einstakt. Menning, verslanir og litríkt næturlíf taka við þegar sólböðum líkur. Stutt er að fara til heimsborgarinnar Barcelona, þar sem er að finna margar af bestu verslunum og veitingastöðum Evrópu.

4. og 11. sept. - 1 vika
39.900kr.
á mann m.v. 2 saman í íbúð.
Innifalið: Flug, gisting, ferðir til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn, ein skoðunarferð og flugvallaskattar. Barnaafsláttur ekki veittur af þessu verði.

Færð þá MasterCard ferðaávísun?

TERRA NOVA SÓL
- 25 ÁRA OG TRAUSTSINS VERÐ
Stangarhyl 3 · 110 Reykjavík
S: 591 9000 · terranova.is · info@terranova.is

BETRISTOFAN.IS

Smáauglýsingar DV 550 5000

Fjöldi góðra tilboða, ásamt kynningu á nuddpottum frá Softub

Fylltu út seðilinn og settu hann í pottinn. Fjöldi glæsilegra vinninga í boði.

Nafn:

Heimilisfang:

Sími: Netfang:



OPIÐ HÚS

hjá Hellusteypu JVJ að Vagnhöfða 17 laugardaginn 30. ágúst og sunnudaginn 31. ágúst kl. 10-17

HELLUSTEYPA JVJ

VAGNHÖFÐA 17 110 REYKJAVÍK SÍMI: 587 2222 www.hellusteypa.is